

Alcoa Fjarðaál
Suðurlandsbraut 12
108 Reykjavík

2005060044
7300; 9310

Reykjavík, 2. september 2005

Efni: Álver Alcoa Fjarðaáls, allt að 346.000 tonna framleiðsla á ári . Ákvörðun um tillögu að matsáætlun.

Í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum er hér kynnt niðurstaða Skipulagsstofnunar um tillögu Alcoa Fjarðaáls að matsáætlun um álver í Reyðarfirði, Fjarðabyggð.

Skipulagsstofnun barst með bréfi Alcoa Fjarðaáls dags. 29. júlí 2005 tillaga fyrirtækisins að matsáætlun um álver í Reyðarfirði:

Alcoa: Álver í Reyðarfirði, Fjarðabyggð. Ársframleiðslugeta allt að 346.000 tonn. Tillaga að matsáætlun. HRV Engineering. Júlí 2005.

Skipulagsstofnun kynnti tillögu framkvæmdaraðila eftirtöldum aðilum í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum: Fjarðabyggð, Byggðastofnun, Fornleifavernd ríkisins, Hafrannsóknastofnuninni, Heilbrigðiseftirliti Austurlands, iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti, Landgræðslu ríkisins, Siglingastofnun Íslands, Skógrækt ríkisins, Umhverfisstofnun, Veðurstofu Íslands, Vegagerðinni, veiðimálastjóra, Veiðistjóraembættinu og Vinnueftirliti ríkisins. Skipulagsstofnun kynnti tillöguna einnig með fréttatilkynningu og á heimasíðu stofnunarinnar.

Skipulagsstofnun bárust umsagnir og athugasemdir frá eftirtöldum aðilum:

Fjarðabyggð með bréfi dags. 15. ágúst 2005, Byggðastofnun með bréfi dags. 11. ágúst 2005, Fornleifavernd ríkisins með bréfi dags. 12. ágúst 2005, Hafrannsóknastofnuninni með bréfi dags. 17. ágúst 2005, Heilbrigðiseftirliti Austurlands með bréfi dags. 3. ágúst 2005, iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti með bréfi dags. 18. ágúst 2005, Landgræðslu ríkisins með bréfi dags. 26. ágúst 2005, Siglingastofnun Íslands með bréfi dags. 9. ágúst 2005, Skógrækt ríkisins með bréfi dags. 29. ágúst 2005, Umhverfisstofnun með bréfi dags. 19. ágúst 2005, Veðurstofu Íslands með bréfi dags. 10. ágúst 2005, Vegagerðinni með bréfi dags. 5. ágúst 2005, veiðimálastjóra með bréfi dags. 10. ágúst 2005, Vinnueftirliti ríkisins með bréfi dags. 10. ágúst 2005. Athugasemdir bárust frá Guðmundi M. H. Beck með bréfi dags. 14. ágúst 2005, Hjörleifi Guttormssyni með bréfi dags. 14. ágúst 2005, Landvernd með tölvupósti dags. 15. ágúst 2005, Náttúruverndarsamtökum Austurlands (NAUST) með tölvupósti dags. 15. ágúst 2005 og Náttúruvaktinni með tölvupósti

dags. 15. ágúst 2005. Skipulagsstofnun bárust einnig frekari upplýsingar Alcoa Fjarðaáls í kjölfar umsagna og athugasemda með bréfum dags. 12., 16., 18., 19., 23., 30. og 31. ágúst 2005

Í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum hefur Skipulagsstofnun farið yfir framlagða tillögu framkvæmdaraðila að matsáætlun ásamt þeim umsögnum og athugasemdum sem borist hafa stofnuninni og svörum framkvæmdaraðila við þeim. Skipulagsstofnun fellst á tillögu framkvæmdaraðila að matsáætlun með þeim svörum sem bárust við umsögnum og athugasemdum ásamt þeim athugasemdum sem gerð er grein fyrir hér að neðan:

Mengun vegna útblásturs

Skipulagsstofnun telur í ljósi reynslu að megin umhverfisáhrif álversins verði m.a. vegna mengunar ekki síst frá útblæstri. Í ljósi þess er afar brýnt að skilmerkilega verði greint frá dreifingu mengunarefna í lofti og í sjó, bæði miðað við þurrhrensibúnað og vothrensibúnað líkt og tiltekið er í köflum 5.2.1-5.2.3 í tillögu að matsáætlun. Jafnframt bendir Skipulagsstofnun á að greina þurfi frá árangri þess að koma fyrir sérstakri hreinsun á afrennsli frá vothrensibúnaði vegna PAH efna. Í matsskýrslu þarf jafnframt að gera grein fyrir mótvægisáðgerðum og vöktun.

Gera þarf sérstaka grein fyrir því í matsskýrslu hvernig áætluð losun gróðurhúsalofttegunda frá álverinu samræmist stefnu stjórnvalda um aðgerðir til að draga úr losun þeirra. Þá telur Skipulagsstofnun æskilegt að í matsskýrslu komi fram hvort og þá hvernig unnt væri að stuðla að bindingu kolefnis í stað þess sem álverið losar ef til þess kæmi að kröfur yrðu hertar á næsta skuldbindingatímabili Kyoto-bókunarinnar. Á þetta er bent með það í huga að uppgræðsla og skógrækt geti verið mótvægisáðgerð vegna losunar gróðurhúsalofttegunda.

Athuganir unnar eftir síðasta matsferli

Í töflu 2 í kafla 7.2 í tillögu að matsáætlun eru tiltekna athuganir sem unnar hafa verið eftir síðasta matsferli. Skipulagsstofnun bendir á nauðsyn þess að stuðst verði við veðurathuganir í mastri á iðnaðarlóðinni og á fleiri stöðum í Reyðarfirði á tímabilinu 2001- september 2003 líkt og Veðurstofa Íslands bendir á í umsögn sinni. Byggt verði á þessum, sem og eldri og yngri athugunum, við spá um dreifingu og styrk loftborinna mengunarefna sem gerð verði grein fyrir í matsskýrslu.

Áhrif á samfélag

Í köflum 5.3 og 7.1.3 í tillögu að matsáætlun er fjallað um samfélagsleg áhrif. Skipulagsstofnun tekur undir með Byggðastofnun og fleiri aðilum um að í matsskýrslu verði gerð grein fyrir breytingum sem hafi orðið á byggð og atvinnulífi á þeim tíma sem liðinn er frá fyrra mati á umhverfisáhrifum, auk breytinga varðandi starfsemi fyrirhugaðs álvers. Þar sem bent hefur verið á að áhrif á vinnumarkað virðast hafa orðið með öðrum hætti en reiknað hafi verið með á árinu 2001 er nauðsynlegt að styðjast við þá reynslu sem þegar hefur fengist af samsetningu vinnuafli við framkvæmdirnar. Einnig þarf að gera grein fyrir áhrifum álversins á aðrar atvinnugreinar og gera grein fyrir hvaðan líklegt er að starfsmenn álversins muni koma og meta sérstaklega úr hvaða starfsgreinum heimamenn á vinnumarkaði séu líklegir til að flytjast úr til að starfa í álverinu.

Efnistaka

Í kafla 5.5 í tillögu að matsáætlun er fjallað um umhverfisáhrif á framkvæmdatíma þar er m.a.

fjallað um efnistöku. Í matsskýrslu þarf að gera grein fyrir þeirri efnistöku sem þegar hefur farið fram vegna byggingar álversins, samræmi hennar við framkvæmdaleyfi sem og leyfi veiðimálastjóra og skipulagsáætlanir. Þá þarf að koma fram í matsskýrslu ef frekari efnistaka er fyrirhuguð og mat á áhrifum hennar og jafnframt þarf að gera grein fyrir því til hvaða mótvægisáðgerða sé fyrirhugað að grípa til að draga úr neikvæðum áhrifum efnistöku úr árfarvegum á lífríki áa.

Hljóðstig

Í kafla 5.7 í tillögu að matsáætlun er fjallað um hljóðstig. Í matsskýrslu verði gerð grein fyrir áhrifum álversins á hljóðvist við þau íbúðar- og frístundahús sem standa næst álverinu og hvernig hljóðstig falli að ákvæðum reglugerðar nr. 933/1999 um hávaða.

Umferð

Skipulagsstofnun tekur undir umsögn Vegagerðarinnar um að í matsskýrslu verði gerð grein fyrir áætlaðri umferð og hlutfalli þungaflutninga á framkvæmda- og rekstrartíma álversins á þjóðvegum í nágrenninu. Þá þarf í matsskýrslu jafnframt að gera grein fyrir umferð um núverandi veg um Hólmaháls sem og veltengingum álversins við þjóðveginn.

Sjónræn áhrif

Skipulagsstofnun tekur undir með Umhverfisstofnun um að í matsskýrslu verði fjallað um sjónræn áhrif álversins séð frá fólkvangi og friðlandi á Hólmanesi. Einnig að greint verði frá mögulegum mótvægisáðgerðum til að draga úr sjónrænum áhrifum álversins.

Ofanflóð

Skipulagsstofnun tekur undir athugasemdir um að í matsskýrslu verði gerð grein fyrir ofanflóðahættu í og við Reyðarfjörð og hugsanlegum áhrifum þeirra á rekstur álversins.

Þóroddur F. Þóroddsson

Sigurður Ásbjörnsson

Afrit: Fjarðabyggð, Byggðastofnun, Fornleifavernd ríkisins, Hafrannsóknastofnunin, Heilbrigðiseftirlit Austurlands, iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti, Landgræðsla ríkisins, Siglingastofnun Íslands, Skógrækt ríkisins, Umhverfisstofnun, Veðurstofa Íslands, Vegagerðin, veiðimálastjóri og Vinnueftirlit ríkisins.

